

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um veitingu lækningaleyfa og sérfræðileyfa
nr. 39 19. marz 1970.

1. gr.

3. tl. XVI. liðs 4. gr. orðist svo:

Veita má einum og sama lækni sérfræðileyfi í skurðlækningum og einni hliðargrein þeirra. Skilyrði eru tími skv. XIII, 1, a og b og 2, b.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 3. nóvember 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón Ingimarsson.

REGLUGERÐ

um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæði
Vörubílstjórafélagsins Þróttar.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til félagssvæðis Vörubílstjórafélagsins Þróttar, Reykjavík, en það nær yfir Reykjavík, Kópavog og Kjósarsýslu.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við hámarkstöluna 200. Þessa tölu má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubílstjórafélagsins Þróttar, Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna, borgarstjórnar Reykjavíkur, bæjarstjórnar Kópavogs og sýslunefndar Kjósarsýslu.

3. gr.

Vörubifreiðastöð sú, er Vörubílstjórafélagið Þróttur rekur í Reykjavík, hefur hlotið viðurkenningu borgarstjórnar Reykjavíkur, bæjarstjórnar Kópavogs og sýslunefndar Kjósarsýslu. Er því öllum óheimilt að stunda leiguakstur á vörubifreiðum á félagssvæði Þróttar utan þeirrar stöðvar.

Leiguakstur telst það þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.

Vörubifreiðar, sem aka frá stöðinni, skulu auðkenndar árlega með sérstöku merki.

4. gr.

Tvisvar á ári, þ. e. í aprílmánuði og októbermánuði, veitir Vörubílstjórafélagið Þróttur viðtöku nýjum umsóknum um afgreiðslu fyrir leigubifreiðar til vöruflutninga á stöð félagsins. Skal þá bæta við þeim fjölda vörubifreiða á stöðina, er nægir

til þess að fylla hámarkstöluna 200. Gildar umsóknir skulu teknar til greina aðallega eftir biðtímalengd og tímaröð en án tillits til þess hvar á félagssvæðinu umsækjendur eru búsettir, unz framangreindu marki er náð.

5. gr.

Reglugerð þessi tekur eigi til sendiferðabifreiða. Enn fremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða, sem eru eign einstakra atvinnufyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 36 27. apríl 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 230 frá 7. desember 1953 um hámarkstölu vörubifreiða í Reykjavík.

Samgönguráðuneytið, 3. nóvember 1970.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Styrktarsjóðs Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 6. nóvember 1970.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Styrktarsjóðs Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur. Sjóðurinn er eign Háskóla Íslands og er ávöxtun hans í höndum rektors og háskólaráðs.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Þórbergi Þórðarsyni rithöfundi og Margréti Jónsdóttur konu hans.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja samningu og útgáfu íslenzkrar samheitaorðabókar, rímorðabókar og íslenzkrar stílfræði, svo og að styrkja endursamningu og endurútgáfu nefndra bóka meðan sjóðurinn endist. Við úthlutun úr sjóðnum skal samheitaorðabók sitja í fyrirrúmi.

4. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður úthlutun úr honum. Stjórnina skulu skipa 3 menn: Forstöðumaður Orðabókar Háskólans, og er hann formaður stjórnar, prófessor í bókmenntum eða íslenzkri málfræði, tilnefndur af heimspekideild til þriggja ára í senn, og rektor eða fulltrúi hans.